



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/1267

komudagur 10.2.2011

Dagsetning

Tilvísun

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

9. febrúar 2011

A-8

LÖ/bb

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis, dags. 31. Janúar s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verðbréfsjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði (EES-reglur, heildarlög), 351. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á gildandi rétti í því skyni að skýra og afmarka nánar reglur sem gilda um starfsemi sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Að auki felur frumvarpið í sér innleiðingu ákvæða tilskipunar 2007/16/EB um breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS). Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru meðal annars þær að gert er ráð fyrir að skilyrði fyrir afturköllun á staðfestingu verðbréfa- og fjárfestingarsjóðs verði rýmkaðar auk þess sem ráðherra verði veitt heimild til að kveða í reglugerð á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs sem og upplýsingagjafar til viðskiptavina um hana. Gert er ráð fyrir auknum kröfum um hæfi framkvæmdastjóra rekstrarfélaga, sjóðstjóra sjóða og stjórnarmanna rekstrarfélaga. Þá eru heimildir um fjárfestingar í fjármálagerningum tengdra aðila þrengdar, auknar kröfur gerðar um upplýsingagjöf sjóðanna auk þess sem fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru þrengdar. Loks er gert ráð fyrir að eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins verði auknar.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Emundur Árnason

Árnórunn Þórunn